

laugarinnar fylgja reikningum barnaskólans að Varmalandi og endurskoðast af sömu aðilum. Starfstími nefndarinnar sé sá sami og starfstími skólaneftnda skólanna að Varmalandi.

4. gr.

Hlutverk sundlaugarnefndar skal vera:

1. Niðurröðun afnota félagsbundinna ungmennafélaga og svo almennings.
2. Kveða á um afnotagjöld.
3. Útlán laugarinnar vegna keppni og sýninga.
4. Ráðning starfsmanns vegna daglegs reksturs laugarinnar, þann tíma árs, sem skólarnir að Varmalandi starfa ekki, ef Ungmennafélagi Stafholtstungna er eigi falinn reksturinn þann tíma.
5. Setja starfsmanni starfsreglur.
6. Tillögur um viðhald laugar og áhalda.
7. Tillögur um endurbætur og nýbyggingar.

5. gr.

Laugina og tilheyrandi húsakynni má eingöngu leigja til sundiðkana, baða, sundsýninga og keppni. Forgangsrétt til sundiðkana og móta þann tíma, sem skólarnir á staðnum starfa ekki, skulu hafa Ungmennasamband Borgarfjarðar og Ungmennafélag Stafholtstungna.

Umgengni gesta, ræsting og viðhald skal lúta fyrirmælum um rekstur og notkun sundstaða.

6. gr.

Rísi ágreiningur upp vegna skilnings á ákvæðum þessara reglna, sker menntamálaráðuneytið úr.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 10. gr. ípróttalaga, nr. 49 frá 7. apríl 1956, og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 7. janúar 1964.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Knútur Hallsson.

AUGLÝSING

um notkun matarleifa til skepnufóðurs.

1. gr.

Óheimilt er að nota matarleifar eða sláturúrgang, sem aflað er utan heimilis, til skepnufóðurs, nema sérstakt leyfi yfirdýralæknis komi til. Leyfi má veita lengst til þriggja ára í senn.

Umsóknir um leyfi til þess að nota matarleifar til skepnufóðurs, skal senda hlutaðeigandi héraðsdýralækni. Héraðsdýralæknir skal kynna sér útbúnað og aðstöðu umsækjanda til suðu á matarleifum. Síðan sendir hann yfirdýralækni leyfisbeiðnina ásamt umsögn sinni.

Umsókn skal fylgja upplýsingar um það, hvar matarleifa er aflað og hvernig geymslu og flutningi þeirra er hagað. Einnig skal gera grein fyrir suðutækjum þeim, sem notuð eru, afkastagetu þeirra og staðsetningu.

2. gr.

Matarleifar, sem ætlaðar eru til skepnufóðurs, skal geyma og flytja í lokuðum ílátum. Fara skal þriflega með allar matarleifar, ætlaðar til skepnufóðurs, og þær skal sjóða eigi skemur en ½ klukkustund við 100° C, eða tilsvarendi skemmri tíma, ef soðið er undir þrýstingi.

Þar sem suða fer fram, skal umgengni vera þrifaleg, veggir og gólf skulu vera úr slétri steinsteypu eða öðru þéttu efni, sem auðvelt er að þrifa og hreinsa. Frárennsli skal vera gott og nægilegt rennandi vatn til hreinsunar. Þess skal gætt, að skepnur og fuglar hafi eigi aðgang að ósoðnum matarleifum, og girða skal fyrir, að rottur og mýs geti komizt í þær.

Þrifa skal öll ílát og suðutæki reglulega, og sótthreinsa þau, ef þörf krefur.

3. gr.

Þeir, sem leyfi hafa fengið til þess að hirða matarleifar til skepnufóðurs, sbr. 1. gr., skulu hlíta fyrir mælum héraðsdýralæknis, eða fulltrúa hans, um allt varðandi suðu, þrifnað og hreinlæti í sambandi við meðferð matarleifa.

Ef hreinlæti og geymslu matarleifa er ábótavant eða suða ófullkomin, er héraðsdýralækni heimilt að setja þegar í stað bann við notkun matarleifa til skepnufóðurs á búinu um stundarsakir, þar til úr hefur verið bætt. Skal hann leita fulltingis löggæzlumanns, ef nauðsyn krefur.

Ef um ítrekað brot er að ræða, varðar það sektum. Jafnframt má svipta viðkomandi aðila að fullu rétti til þess að hirða matarleifar til skepnufóðurs.

Auglýsing þessi er gerð samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 124 22. desember 1947, um dýralækna, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. janúar 1964.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

BREYTING

**á samþykkt um stjórn bæjarmála Kópavogskaupstaðar,
nr. 158 20. september 1962.**

1. gr.

42. grein samþykktarinnar orðist svo:

Hafnarnefnd skipa 5 menn og 5 til vara. Tveir nefndarmanna skulu vera bæjarfulltrúar, en þrír utan bæjarstjórnar, sbr. hafnarreglugerð.

Hafnarnefnd annast stjórn og framkvæmdir hafnarmála, þar á meðal eftirlit með höfninni, samkvæmt fyrir mælum þeim, sem þar um gilda.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. janúar 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.